Alþingi
Erindi nr. Þ 138/2683
komudagur 2.6. 2010

Íslandsbanki

**Minnisblað**

Ástrún Björk Ágústsdóttir, forstöðumaður Útibúaþjónustu Íslandsbanka

Frumvarp til breytinga á lögum nr. 50/2009

Athugasemdir vegna 19.greinar

Dæmi um ávinning viðskipavinar af upptöku nýs fyrirkomulags greiðslustýringar

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Miðað er við dæmigert húsnæðislán hjá banka | | drv | | |
| Staða 31.05.2010 | | 16,60% | | |

| | Höfuðstóll | Innheimtukostnaður | Dráttarvextir | Samtals krafa |
|---|---|---|---|---|
| 1.3.2010 | 100.000 | 4.895 | 4.150 | 109.045 |
| 1.4.2010 | 100.000 | 1.395 | 2.767 | 104.162 |
| 1.5.2010 | 100.000 | 795 | 1.383 | 102.178 |

Þann 31.5.2010 eru greiddar 100.000 kr.

Þá standa eftir 9.045 kr sem bera 4,17 kr. dráttarvexti á dag í núverandi fyirkomulagi greiðslustýringar

Það er sú fjárhæð í þessu dæmi sem sparast með nýju fyrirkomulagi

Fyrirkomulagið felur í sér að við innborganir á vanskil sparast dráttarvextir af mismun innborgunarfjárhæðar og dráttarvaxta á hverjum tíma.

Frumvarpið felur í sér grundvallarbreytingu á utanumhaldi vanskila. Lánakerfi viðkomandi stofnana þarf að breyta og mun kostnaður vegna þess nema fleiri tugum milljóna króna hjá hverri stofnun.
Mikið mun reyna á Reiknistofu bankanna og mun kostnaður vegna þessa þar fara yfir 100 m.kr.

Hætt er við að ýmsar skýrslur sem bankarnir þurfa að skila af sér verði í raun rangar þar sem vanskil "hanga lengur". Fleiri gjalddaga teljast í eldri vanskilum þó fjárhæðir verða ekki háar. Viðskiptavinur sér ekki gjalddaga hverfa á lánayfirliti sínu.

Bankar innheimta skuldir fyrir marga óskylda aðila. Halda þarf áfram gamla fyrirkomulaginu vegna þeirra. Flækjustigið er hátt að greina þarna á milli

Frumvarpið nær bara til einstaklinga. Alls konar jaðartilfelli sem upp munu koma í tilfelli einyrkja og slíkra aðila. Að sama láninu geta verið tveir greiðendur sem geta verið ýmist einstaklingar eða fyrirtæki þannig að sama lánið þyrfti að geta fallið undir mismunandi fyrirkomulag eftir því hvor greiðir af láninu.

Ljóst er að ávinnungur viðskiptavina okkar þar sem lán hafa verið gjaldfelld yrði gríðarlegur við upptöku á nýju greiðslustýringarfyrirkomulagi. Bankarnir eru tilbúnir til að breyta greiðslustýringarfyrirkomulaginu í þeim tilfellum sem um slíkt er að ræða.